STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2002

13. júní 2002 1221 Nr. 432

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hamraborg 7. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. desember 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Hamraborg. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að byggja inndregna þakhæð á núverandi byggingu um 300 m^2 að flatarmáli

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álfhólsvegur 135. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 135 við Álfhólsveg. Í deiliskipulaginu felst að 83 m^2 íbúðarhús byggt 1939 verður rifið og parhús á tveimur hæðum um 180 m^2 að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarholtsbraut 15. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Borgarholtsbraut 15. Í deiliskipulaginu felst að núverandi íbúðarhús sem er 41 m^2 að grunnfleti byggt 1943 verður rifið og einbýlishús á einni hæð, að hámarki 180 m^2 að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 13. júní 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Stjórnartíðindi B 73, nr. 432. Útgáfudagur 19. júní 2002.

B 81
Gutenberg